

Fundargerð

Fundarefni:	Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	8. október 2013
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Karl Einarsson, Sigurður Grétarsson, Hólmiþrúður Einarsdóttir og Berglind Svavarsdóttir
Fjarverandi:	Lárus Axel Sigurjónsson, Hörður Sigurðsson
Ritað af:	Berglind Svavarsdóttir

1. Fundur settur.

Guðni setti fundinn kl. 19.30

2. Fundargerð.

Fundargerð síðasta fundar borin undir fundinn og samþykkt.

3. Fulltrúaráðsfundurinn.

Fulltrúaráðsfundur var haldinn þann 24. september s.l. Fundurinn var vel sóttur en á hann mættu tæplega 40 manns. Foreldrafélagið kynnti sína starfsemi og farið var yfir hlutverk bekkjarfulltrúa. Góðar umræður urðu um samstarf bekkja innan sama árgangs og á milli árganga.

4. Styrkir frá FFÁ.

Tvær umsóknir hafa borist um styrki.

Samþykktur styrkur að fjárhæð kr. 40.000 til dýnukaupa fyrir foreldraleikfimina.

Samþykktur styrkur til próflokafærðar 10. bekkjar í Þórsmörk 27.-29. sept. að fjárhæð kr. 110.000.

5. Dægradvölin

Margar kvartanir hafa borist vegna Dægradvalar vegna manneklu og skipulagsleysis og lýsir stjórn verulegum áhyggjum sínum vegna þess. 170 börn eru í Dægradvölinni en of fáir starfsmenn hafa verið við störf til að unnt væri að sinna börnunum sem skyldi. Viðmiðun samkvæmt Kópavogsbæ er 15 börn pr. starfsmann. Upplýst er að starfmönnum hafi verið fjölgað og eru nú 13 starfsmenn við störf auk þess sem starfið hefur verið skipulagt betur. Stjórn lýsir ánægju með að verið sé að gera bragarbót á starfseminni. Þá áréttar stjórn mikilvægi þess að fylgjast vel með og skrá þau börn sem fara í íþróttarútuna.

6. Bekkjarfulltrúar

Enn hafa bekkjarfulltrúastöður ekki verið fullmannaðar. Ákveðið er að tenglar við bekkjarstigin ýti enn frekar við bekkjarfulltrúum og kennurum að klára skipan bekkjarfulltrúa sem fyrst. Umræður urðu um svokallaða bekkjarfulltrúamöppu og voru fundarmenn sammála um að slík mappa væri í raun liðin tíð enda eru allar slíkar upplýsingar aðgengilegar á vefnum. Formaður upplýsti að nokkrir bekkir hefðu nú þegar undirritað foreldrasáttmálann.

7. Matsnefnd Álfhólsskóla.

Tillaga stjórnar um Guðnýju Bergþóru Tryggvadóttur, aðferðarfræðing við HÍ. Hefur verið samþykkt.

8. Nefndir og verkefni framundan.

Rætt um nefndaskipan. Allar nefndir eru fullmannaðar að vorhátíðarnefnd frátalinni.

9. Önnur mál.

- Hólmfríður skólaráðsfulltrúi skýrði frá umræðum á síðasta skólaráðsfundi.
- Axel stjórnarmaður hefur beðist lausnar vegna tímaskorts.
- Formaður skýrði frá fyrirhuguðum þjóðmenningardegi í byrjun nóvember.
- Næsti fundur ákveðinn 12. nóvember kl. 19.30.

10. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 21.15